

Fundargerð

157. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **5. febrúar 2009 kl. 16:30** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá :

1. Skipulagsmál.
2. Erindi frá Sveitarstjóra Húnaþings vestra.
3. Erindi Bjarna S. Ásgeirssonar.

Tekið á dagskrá.

4. Erindi Félagsheimilisins Hvammstanga.

Afgreiðslur:

1. Í framhaldi af frestun sveitarstjórnar á 4. lið í 151. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs er farið yfir breytingar sem gerðar hafa verið á deiliskipulagstillögu smábýla austan Höfðabrautar. Ráðið samþykkir að tillaga Yngva Þórs Loftssonar dags. 16.07.2008 breytt dags. 01.12.2008 verði auglýst og kynnt. Jafnframt ítrekar ráðið fyrri samþykkt sína frá 04.09.2008 varðandi breytingatillögu fyrir athafnasvæðið við Búland dags. 16.07.2008 breytt 16.09.2008 og breytingu á þéttbýlisupprætti Aðalskipulags Húnaþings vestra 2002-2014 fyrir Höfðabrand, Eyrarland og Búland dags. 01.09.2008.


2.a. Erindi frá Sveitarstjóra fyrir hönd Byggðaráðs Húnaþings vestra, óskar eftir umsögn vegna umsóknar Fannars Karls Ómarssonar f.h. Söluskálans Hörpu kt. 610706-0530 um endurnýjun rekstrarleyfis. Ráðið gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

2.b. Erindi frá Sveitarstjóra fyrir hönd Byggðaráðs Húnaþings vestra. Byggðaráð samþykkti á fundi sínum þann 26. janúar sl. að vísa bréfi Bændasamtaka Íslands til skipulags- og umhverfisráðs til kynningar, í bréfinu er fjallað um bótarett vegna framkvæmda í almannaþágu og framkvæmd eignarnáms.

3. Bjarni S. Ásgeirsson óskar eftir heimild til að rífa hlöðu á jarðarspildunni Hrísar II, lóð C (landnúmer 215248, fastanúmer 213-5189 bygg. ár 1956) í Húnaþingi vestra, f.h. Sigríðar P. Friðriksdóttur kt. 310849-2359 og Karls G. Friðrikssonar kt 020255-5879. Ráðið samþykkir erindið.

4. Ólafur H. Guðmundsson f.h. Félagsheimilisins Hvammstanga sækir um leyfi til að breyta fyrirkomulagi snyrtингa í inngangi undir svöllum á neðri hæð hússins sbr. teikningu dags. 13.07.1995 gerð af Hauki Árnasyni. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn og bendir á að æskilegt er að gera ráð fyrir ræstiherbergi í tengslum við ofangreinda breytingu, að gerð verði raunteikning af hæðinni og snyrtинг fyrir fatlaða uppfylli kröfur.


Bjarni S. Ásgeirsson
f.h.


Ólafur H. Guðmundsson
f.h.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl: 18:15
Guðmundur St. Sigurðsson(sign.),
Jóhannes Erlendsson(sign.),
Erla Björg Kristinsdóttir(sign.),
Halldór Sigfusson(sign.),
Víglundur Gunnþórsson(sign.),
Ólafur H. Stefánsson, forstöðumaður tæknideildar(sign.),
Benjamín Kristinsson byggingafulltrúi(sign)
Pétur Arnarsson, Slökkviliðssjóri(sign).

Björg Kristinsdóttir
Guðmundur St. Sigurðsson
Erla B. Kristinsdóttir
Jóhannes Erlendsson
Víglundur Gunnþórsson
Ólafur H. Stefánsson
Halldór Sigfusson